

Veiðifélag landmannaafrettar  
Skarð, Landsveit  
851 Hella

1.9.2025  
UOS2501501/K.G.  
11.12.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. júlí 2025 – Veiðifélag Landmannaafrettar Götu**

Þann 7. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Götu, Veiðifélag Landmannaafrettar, Rangárþingi Ytra. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar:**

Umgengni á lóð er ábótavant. Töluvert af búnaði sem tilheyrir ekki fiskeldi í húsinu og búnaður fyrir utan stöð sem getur fokið. Minnt er á grein 2.3 í starfsleyfi þar sem rekstraraðila er bent á að halda rekstrarsvæðinu sínu snyrtilegu.

#### **Átta frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 615 kg í lok árs 2024, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 486.6 kg í lok árs 2023, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.
3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 382,9 kg í lok árs 2022, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2023. Frávik er opið.
5. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2022. Frávik er opið.
6. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2024. Fráviki er lokið.
7. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór og köfnunarefni yfir mörkum fyrir árið 2023. Fráviki er lokið.
8. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór og köfnunarefni yfir mörkum fyrir árið 2022. Fráviki er lokið.

**Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum (frávikum 1, 2, 3, 4 og 5) í samræmi við 58.**

grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22. September 2025.

Virðingarfyllt

Kjartan Guðmundsson  
sérfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur